

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Ölfusi fyrir árið 2004.

1. gr.

Bæjarstjórn Ölfuss er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) og skal gjaldið innheimtast með fasteignagjöldum, samanber samþykkt um sorphirðu í Ölfusi dagsett 27. janúar 2000.

2. gr.

Gjaldið er árlegt sem hér segir:

- a) Íbúðarhús hver pokaeyning (einn poki vikulega eða tveir pokar hálfsmánaðarlega) kr. 10.367 fyrir hverja sérmetna fasteign er heimilt að leggja á vegna viðbótarpokaeyningar kr. 6.910.
- b) Atvinnuhúsnæði, pokaeyning kr. 14.259 fyrir hvern poka.
- c) Öll fyrirtæki lögaðila og annarra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar og/eða sorpeyðingar, skal leggja á sorpeyðingargjald og/eða sorphreinsunargjald, samkvæmt eftirfarandi:

	<i>Sorpeyðingargjald kr.</i>	<i>Sorphreinsunargjald kr.</i>
1. flokkur	9.939	39.745
2. flokkur	19.883	79.485
3. flokkur	39.761	158.980
4. flokkur	79.522	317.961
5. flokkur	159.034	635.912
6. flokkur	238.557	953.867

Bæjarstjórn raðar aðilum í gjaldflokka eftir áætluðu magni úrgangs. Heimilt er að fella sorphreinsunargjald niður hafi aðilar samning um sorphreinsun við flutningsaðila sem Sveitarfélagið Ölfus samþykkir, enda hafi viðkomandi flutningsaðili útbúnað er hæfir verkinu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ölfuss er hér með staðfest samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að gilda fyrir árið 2004.

Samþykkt í bæjarstjórn Ölfuss, 27. nóvember 2003.

Ólafur Áki Ragnarsson bæjarstjóri.